

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til, að stofnað verði nýtt fyrirtæki til raforkuframleiðslu og raforkusölu fyrir Suðvesturland. Fyrirtækið á að bera nafnið Landsvirkjun, en á þó ekki að vera fyrirtæki landsins alls.

Eigendur hins nýja raforkufyrirtækis eiga að verða Reykjavíkurborg og ríkissjóður að nákvæmlega jöfnum hlut hvor aðili. Svo nákvæmlega er skipt milli aðila réttindum og valdi yfir fyrirtækinu, að hvor um sig skal kjósa þrjá fulltrúa í stjórn þess, en koma verða þeir sér saman um sjöunda stjórnarmanninn, annars skipar hæstiréttur þann mann. Í frumvarpinu er skýrt tekið fram, að óheimilt sé að ráðast í nýjar framkvæmdir eða breytingar á vegum fyrirtækisins, nema samþykki beggja eignaraðila komi til. Þannig hefur borgarstjórn Reykjavíkur úrslitavald um það, hvað þetta mikla raforkufyrirtæki, sem heita á Landsvirkjun, gerir eða lætur ógert varðandi rekstur og þróun raforkumálanna á Suðvesturlandi.

Samkvæmt frumvarpinu er það ekki á valdi raforkumálaráðherra eða raforkumálastjóra ríkisins að ákveða um það, hvort ný orkuveitusvæði eða aðrir landshlutar skuli tengdir raforkukerfi Suðvesturlands, heldur verður slíkt vald í höndum eigenda hins nýja virkjunarfyrirtækis. Í frumvarpinu er sagt, að til slíkra tenginga geti komið, „sýni áætlanir fyrirtækisins, að fjárhagslega sé hagkvæmt“ að ráðast í slíkar framkvæmdir, og ef eigendur þess samþykki það.

Með raforkulögnum frá árinu 1946 var mörkuð sú stefna, að ríkið skyldi taka að sér forgöngu í virkjunarmálum landsins og að því skyldi stefnt, að svo til öll raforkuframleiðslan yrði í höndum þess. Yfirstjórn rannsókna, áætlanagerða og frumkvæði um tillögur um lausn raforkuþarfar landsmanna skyldu vera í höndum raforkumálastjóra og raforkuráðs. Með frumvarpi þessu er horfið frá þessari meginstefnu. Samkvæmt frumv. er gert ráð fyrir, að tekin verði upp ný stefna í verðlagningu á raforku. Samkvæmt lögum hefur verið heimilt að selja raforkuna í heildsölu á kostnaðarverði að viðbættum 5%. Nú er ráðgert, að stjórn hins nýja fyrirtækis geti sjálf ákveðið orkuverðið, og er sagt í frumv., að stefnt skuli að því, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi, til þess að það geti með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum byggt ný orkuver. Augljóst er því, að stefnt er að aukinni álagningu á raforku.

Þýðingarmesta ákvæði frumv. fjallar um heimild til handa hinu nýja fyrirtæki til þess að reisa allt að 210 þús. kW. raforkuver í Þjórsá við Búrfell. Ráðgert er í greinargerð frumvarpsins, að orkuverið með varaafstöðvum kosti rúmar 1700 millj. kr. Upplýst er, að óskað sé eftir heimild til svo stórrar virkjunar með það í huga, að 60% af orkunni verði seld alúmínverksmiðju útlendinga. 40% orkunnar, eða 84 þús. kW., eru áætluð til þarfa Íslendinga. Þá er það upplýst, að verði ekki úr sölu raforkunnar til alúmínverksmiðjunnar, en aðeins virkjað fyrir landsmenn sjálfa, verði fyrsti áfangi virkjunarinnar 70 þús. kW.

Við Alþýðubandalagsmenn teljum engan vafa leika á, að 210 þús. kW. raforkuver við Búrfell muni í reynd kosta allmiklu meira en áætlanir eru um. Til þess liggja þær ástæður, að kostnaður allur hefur aukizt, síðan áætlanir voru gerðar, og svo hitt, að byggingarframkvæmdir munu standa í nokkur ár, og á þeim tíma hlýtur framkvæmdakostnaður að aukast. Þá teljum við augljóst, að ráðast þurfi í alldýrar framkvæmdir til þess að tryggja rekstur orkuversins fyrir truflunum af isrennsli og aurframburði í ánni.

Það er skoðun okkar, að fyrirhugað raforkuverð til alúmínhringsins, 10¾ úr eyri fyrir kílóvattstund, sé langt undir framleiðslukostnaðarverði, þegar tekið er tillit til stofnkostnaðar, eins og hann muni verða, og til kostnaðar við rekstur varaafstöðva. Við Alþýðubandalagsmenn teljum augljóst, að verði úr sölu raforku til alúmínverksmiðjunnar á ráðgerðu verði með fyrirframsamningi til 15 ára og forkaupsrétti til allt að 45 ára, þá hljóti raforkuverð til landsmanna frá virkjuninni að verða óhæfilega hátt og miklum mun hærri en nauðsynlegt hefði verið.

Við teljum því, að nú eigi aðeins að veita heimild til 70 þús. kW. virkjunar í Þjórsá við Búrfell sem fyrsta áfanga fyrir Íslendinga eina, en síðan eigi að halda áfram og fullvirkja við Búrfell stig af stigi, eftir því sem þarfir landsmanna segja til um.

Við Alþýðubandalagsmenn erum algerlega andvígir fyrirhugaðri raforkusölu til alúmínverksmiðjunnar og viljum því ekki standa að virkjunarheimild, sem notuð yrði til raforkuframleiðslu í því skyni.

Í samræmi við þær skoðanir, sem fram koma í þessu nefndaráliti, flyt ég nokkrar breytingartillögur við frumv. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. maí 1965.

Lúðvík Jósefsson.